

Alþingi  
Erindi nr. P 128/905  
komudagur 4.2.2003



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. janúar 2003


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (128. lþ. 2002-2003, þskj. 499 - 404. mál).**


Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur kynnt sér ofangreint frumvarp til laga og sendir hér athugasemdir sínar.

FÍN telur fullt tilefni til aðgerða vegna fækkunar rjúpu og styður að því leyti hugmyndir frumvarpsins.

Engu að síður vill félagið benda á nauðsyn þess að í lögnum verði komið í veg fyrir að unnt verði að komast hjá sölubanni með gjöfum. Jafnframt er bent á að þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði að selja innfluttar rjúpur kunni að reynast erfitt að sannreyna uppruna þeirra rjúpna sem verði á boðstólum seljenda. Þar fyrir utan er mögulegt að með því að leyfa innflutning sé verið að hvetja til veiði úr stofnum sem óvíst er að þoli aukna veiði.

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga

  
Þorsteinn Sigurðsson  
varaformaður FÍN

  
Sigurður Ásbjörnsson  
varaform. umhverfisnefndar FÍN